

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 19. júní, kl. 09:00 var haldinn 1839. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Ástrún Eva Sívertsen, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Hefða ehf., kt. 670601-2260, dags. 10. júní 2025, um starfsleyfi fyrir matsöluvagn (GPJ78), færanleg matvælastarfsemi (Vöfluvagninn). Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur*. Leyfi fyrir matsöluvagni með bakstur og samsetningu á vöflum. Matvæli koma tilbúin til hitunar og samsetningar í vagninn.
- Lögð fram umsókn Ísbúðarinnar Hlemms 1 ehf., kt. 600325-1160, dags. 14. maí 2025, um starfsleyfi fyrir ísbúð (Ísbúðin Hlemmur) að Bankastræti 14, F2004484, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Alvörubóns ehf., kt. 620318-0350, dags. 11. júní 2025, um skráningu á handvirkri bónstöð (Alvörubón) að Viðarhöfða 2, F2220775, rými 01 0105. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bón- og bílþvottastöð*.
- Lögð fram umsókn Kvikks ehf., kt. 500108-0100, dags. 13. mars 2025, um skráningu á bifreiða og vélaverkstæði (Kvikk) að Vagnhöfða 5, F2043107, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*.
- Lögð fram umsókn Vornóttar ehf., kt. 511224-2410, dags. 10. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir færanlegri baðstofu utan sundstaða (Kría fargufa). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir færanlegar baðstofur*.
- Lögð fram umsókn Shimmer ehf., kt. 650123-0850, dags. 15. október 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Shimmer) að Skyggnisbraut 15, F2525141, rými 04 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
- Lögð fram umsókn Moldarblöndunar-Gæðamoldar ehf., kt. 510291-1749, dags. 6. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til endurvinnslu og olúgeymi

til eigin nota (Moldarblandan-Gæðamold) við Gufunesveg (ekki í húsnæði). Breyting á starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 30. október 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Sérstækum Starfsleyfisskilyrðum fyrir Moldarblönduna - Gæðamold fyrir endurvinnslu á úrgangi í Gufunesi og olúgeymi til eigin nota.*

Fundi slitið kl. 09:36

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Ástrún Eva Sívertsen